

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Búðahreppi.

1. gr.

Búðahreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kaupsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsun fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Búðakauptúni er skyldugur að nota þær aðferðir og flát við sorphreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymslufláta sinna og viðhald þeirra.

3. gr.

Sorpið sem sett er í sorplátin má vera allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, möl, grjót, byggingarsorp, o. þ. h. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn og gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Þó mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram viku- til hálfsmánaðarlega. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsanir eftir því sem við verður komið og þörf krefur. Búðahreppur leggur til einn til tvo sorppoka fyrir hverja íbúð við hverja hreinsun. Aukapoka má fá keypta í verslunum.

5. gr.

Allt sorp sem eigi verður látið í poka, eða sem hirða þarf örur en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu eigendur annast á eigin kostnað sé ekki um annað samið.

6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur hér að framan, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Búðahrepps skal framkvæma eftir ströngustu fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar og skal þrífnaður í hávegum hafður.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs hússorps greiðist af sveitarsjóði. Þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphreinsunargjald í sérstakri gjaldskrá sem staðfestist af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og innheimtist með fasteignagjöldum. Slíkt gjald má aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Búðahrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast þá í því að úr verði bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Búðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júní 1986.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um starfrækslu jarðstöðvar fyrir móttöku
sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl nr. 7/1986.**

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Ráðherra gefur einnig út starfræksluleyfi til aðila, sem dreifa mótteknu sjónvarpsefni innan húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsi, gistihúsi, skóla, verksmiðju eða dvalarheimili.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.